

Ár 2008, fimmtudaginn 10. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-443/2007:

Ákærvaldið

(Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður)

gegn

Xi Sigursteini Garðarssyni

(Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 15. nóvember sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 23. október 2007, á hendur X kt. 000000-0000, Y götu, Reykjavík,

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að morgni föstudagsins 14. apríl 2006 ekið bifreiðinni PK-184, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,25‰). um heimreið við Brjánsstaði á Skeiðum þaðan norður Skeiðaveg að Flúðum í Hrunamannahreppi, þar sem ákærði ók bifreiðinni fram af plani við bensínstöðina á Flúðum, í gegnum gróðurbelti og aftur inná planið þar sem ákærði ók á þrjá ruslagáma.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. lög nr. 44,1993, lög nr. 57,1997, lög nr. 23,1998, lög nr. 132,2003 og lög nr. 84,2004.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins þann 15. nóvember sl. og neitaði sök. Aðalmeðferð fór fram þann 14. desember sl. og var málið dómtekið þá. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa auk þess að krafist var málsvarnarlauna.

Málsatvik:

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglunnar var lögreglunni tilkynnt um glæfraakstur bifreiðarinnar PK-184 við Brjánsstaði á Skeiðum. Segir að tilkynnandi hafi sagt að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hratt inn heimreiðina, spólað í hringi, út á tún og síðan ekið á ofsahraða á brott norður Skeiðaveg. Lögreglan hafi farið af stað en þegar hún átti skammt ófarið að Skeiðavegi hefði hún fengið aðra tilkynningu um bifreiðina og þá hafi hún verið á Flúðum. Sagði tilkynnandi að bifreiðinni hefði verið ekið fram af bifreiðaplani við bensinstöðina, síðan í gegnum gróðurbelti, aftur inn á planið og á ruslagáma. Kvað tilkynnandi að skipt hefði verið um ökumann og síðan ekið út af planinu og á brott. Þá segir í frumskýrslunni að þegar lögreglan nálgadist Brjánsstaði hafi hún mætt bifreiðinni PK-184. Var bifreiðin stöðvuð og rætt við ökumann hennar, Grím Frey Kristinsson. Tveir farþegar hafi verið í bifreiðinni og báðir setið í aftursæti. Nýleg ákoma hafi verið framan á bifreiðinni og á yfirbyggingu. Segir í skýrslunni að ökumaður hafi sagst hafa ekið bifreiðinni í umrædd skipti en vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti. Eftir samræður við lögreglu kvað ökumaður að X hafi ekið í umrædd skipti við Brjánsstaði og á Flúðum. Kvað Grímur Freyr að hann hafi ekið að hótelinu á Brjánsstöðum og stöðvað bifreiðina þar. Síðan hefði ákærði tekið við akstrinum og spólað í hringi á planinu og vegslóða inn á tún. Þar hefði hann aftur spólaði í hringi og ekið til baka inn á þjóðveg. Ákærði hefði síðan stöðvað bifreiðina og Grímur tekið aftur við akstrinum og ekið að Flúðum. Þar kvaðst Grímur hafa stansað við bensinstöðina til þess að taka bensín. Þar hefði X sest aftur undir stýri og ekið fram af planinu, niður grasbrekku og aftur inn á planið og ekið á ruslagáma. Kvaðst Grímur hafa þá tekið við akstrinum aftur og ekið þar til að lögreglan stöðvaði aksturinn. Þá segir í skýrslunni að í framhaldi hefði lögreglan rætt við ákærða og kynnt honum sakarefnið en hann neitað að hafa ekið. Þá segir að Grímur, ákærði og annar farþegi, Sigurður Guðjónsson, hafi verið færðir á lögreglustöðina á Selfossi. Hafi Sigurður verið áberandi ölvaður og óviðræðuhæfur. Skýrsla hafi verið tekin af ákærða og Grími en ekki af Sigurði vegna ölvunarástands hans.

Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar er haft eftir tilkynnanda, Stefaníu Sigurðardóttur, að hún hafi séð ökumanninn mjög vel. Hann hafi verið rauðbirkinn og bústinn í andliti en tveir farþegar hefðu verið í bifreiðinni. Þá segir í skýrslunni að Stefaníu hafi verið sýndar myndir af ákærða, Grími og Sigurði og hún hafi borið kennsl á X sem ökumann bifreiðarinnar. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að haft var eftir Ragnari Kristni Kristjánssyni, tilkynnanda um atvikið á Flúðum, að hann hafi verið svo langt frá vettvangi að hann hafi ekki séð hver ökumaðurinn var.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi:

Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu þann 18. maí 2007, rúm ári eftir atburðinn. Kvaðst hann hvorki hafa ekið bifreiðinni við Brjánsstaði né á Flúðum í umrætt sinn. Sagði hann Grím hafa ekið allan tímann. Ákærði kvaðst hafa verið drukkinn í umrætt sinn og hafa verið að drekka þegar lögreglan hafði afskipti af honum. Aðspurður um bótakröfu, sem kynni að koma fram, kvað ákærði Grím eða eiganda bifreiðarinnar hljóta að verða að greiða hana.

Ákærði kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið í för með tveimur öðrum á þessum degi en þeir hefðu í fyrstu ekið austur í sveitir í þeim tilgangi að skoða bifreið. Var hann ekki viss um hvar bifreiðin átti að vera. Lagt hafi verið af stað frá Reykjavík en þá hefði ákærði verið ódrukkinn. Kvað hann þá þrjá hafa ekið á BMW-bifreið frá Reykjavík austur fyrir fjall og hefði Grímur ekið. Hefðu þeir skipt einhvers staðar um bíl en hann mundi ekki hvar, hélt einhvers staðar í Landsveit. Þeir hefðu farið á blárrí Hyundai-bifreið sem Guðjón Sigurðsson var eigandi að. Þetta hafi verið bifreið sem bóndinn hefði notað á túnum en bifreiðin hafi verið dæluð og skemmd þegar þeir fóru á henni. Einhvern tíma eftir að þeir fóru úr Landsveitinni hefði ákærði byrjað drykkju. Ákærði kvaðst ekki vita hvar nákvæmlega lögreglan hafði afskipti af honum en hann þekki ekki staðhætti á þessu svæði. Hafi Sigurður verið að leita að bifreið sem hann ætlaði að kaupa og nota til niðurrífs. Ákærði minntist þess að hafa komið að Flúðum í þessari ferð en minntist ekki sérstaklega hvað var verið að gera þar. Ákærði kvað Grím hafa ekið allan tímann, bæði við Brjánsstaði og á Flúðum. Aðspurður um þau atvik sérstaklega sem ákært er fyrir í máli þessu kvaðst ákærði ekki muna eftir þeim sérstaklega heldur frekar óljóst, hann myndi ekki eftir tímasetningum né staðháttum en hann myndi vel að hann hafi ekki ekið bifreiðinni.

Grímur Freyr Kristinsson, kt. 000000-0000, Eyktarási 21, Reykjavík, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 14. apríl 2006. Kvað hann sig hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn utan tvö skipti er ákærði hefði ekið. Hefði Grímur ekið inn afleggjara að Hótel Heklu, stoppað á bílastæði við hótelið og þar hefði ákærði tekið við akstrinum, spólað í hringi á bílplaninu, ekið þaðan vegslóða sem lá út á tún við Brjánsstaði og þar hefði ákærði spólað í hringi. Að því loknu hefði hann ekið aftur út á þjóðveginn og þar hefði Grímur aftur tekið við akstrinum. Þá kvaðst Grímur hafa stöðvað bifreiðina til að taka eldsneyti á Flúðum sama dag og þar hefði ákærði tekið við akstrinum, ekið um á bensínstöðvarplaninu, keyrt upp á kantstein, yfir grasflöt og inn í runna á gilbarmi þar við hliðina. Þá hefði ákærði ekið inn á bensínstöðvarplanið aftur og á ruslagám sem staðsettur var á bílplaninu.

Grímur kom fyrir dóminn. Aðspurður kvaðst hann hafa farið ásamt ákærða og Sigurði heim til föður Sigurðar og skipt þar um bifreið. Síðan hefðu þeir ekið um og verið eitthvað villtir og lögregla hefði haft afskipti af þeim. Síðan hefðu þeir ekið upp á Skeið og hefði hann ekið að Hótel Heklu þar sem hann hefði ekið út á tún. Þá hefði hann einnig ekið á eitthvert grindverk áður en hann ók inn á túnið við Hótel Heklu. Í framhaldi hefðu þeir ekið að Flúðum þar sem hann tók bensín. Síðan hefði hann sest upp í bifreiðina og ekið út af planinu og þar hefði hann einnig ekið á einhvern gám. Aðspurður um það hver hafi ekið bifreiðinni, kvaðst Grímur hafa ekið allan tímann. Útskýrði hann framburð sinn í lögreglubifreiðinni og sagði að lögreglan hefði ekki í fyrstu trúað því að hann hefði ekið. Þá hefði lögreglan bent honum á að vitni hefðu sagt að annar en hann hefði ekið svo og að hann gæti fengið á sig bótakröfu og sektir og þá hefði honum fundist best að sleppa undan því með því að benda á ákærða. Skýrsla sem Grímur gaf fyrir lögreglunni var borin undir hann og staðfesti hann að skýrslan væri röng. Aðspurður um það hvers vegna hann bæri annað fyrir dómi en fyrir lögreglu, kvaðst hann í fyrstu ekki hafa viljað láta fjölskylduna fréttu af þessu en hann vilji nú ekki að ákærði taki á sig sök fyrir háttsemi sem hann framdi ekki. Bað Grímur ákærða afsökunar á háttsemi sinni.

Sigurður Guðjónsson, kt. 000000-0000, Hjallanesi 1, Rangárþingi ytra, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 9. maí 2007. Framburður Gríms var borinn undir Sigurð og kveðst hann ekki muna til þess að ákærði hafi ekið í umrædd skipti. Kvaðst hann bara muna eftir því að Grímur hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Sigurður kvaðst hafa verið ölvaður. Ítrekað neitar Sigurður fyrir lögreglu að ákærði hafi ekið í umrætt sinn.

Sigurður Guðjónsson kom fyrir dóminn. Aðspurður kvaðst hann muna eitthvað eftir umræddri ökuferð en hann, Grímur og ákærði hefðu ekið frá Hjallanesi í Landsveit í þeim tilgangi að skoða bifreið sem hann hafði hug á að kaupa. Einhver misskilningur hafi verið um það hvar sú bifreið hafi verið staðsett. Fyrst hefðu þeir ekið að Hellu og þar í kring, meðal annars á Hvolsvöll. Grímur hefði þá ekið. Síðan hefðu þeir ekið upp á Skeið og í átt að Flúðum þar sem talið var að bifreiðin væri. Kvaðst Sigurður hafa verið ölvaður í umrætt sinn. Sigurður kvaðst muna eftir því að þeir hefðu stoppað á Flúðum en minntist þess ekki að hafa stoppað á fleiri stöðum. Kvaðst hann muna að ekið hefði verið á gám á Flúðum og hefði Grímur ekið. Kvaðst Sigurður ekki hafa verið í bifreiðinni þegar ekið var á gáminn og hefði ákærði staðið við hliðina á sér á meðan. Í framhaldi hefðu þeir svo ekið í burtu og lögreglan stöðvað þá í framhaldi.

Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst fyrst hafa fengið tilkynningu um glæfraakstur við Brjánsstaði. Þegar lögreglan hefði komið að Brjánsstöðum hafi hún fengið tilkynningu um akstur á Flúðum og þegar lögreglan lagði af stað þangað hefði hún mætt bifreið ákærða. Rétt áður hefði komið önnur tilkynning um umræddan akstur á Flúðum og að þar hefði verið skipt um ökumann. Kvað hann tvo farþega hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar en grunur hefði verið um að annar þeirra hefði ekið í umrædd skipti. Myndir hefðu verið teknar af þeim á lögreglustöðinni og í framhaldi hefði vitninu Stefaníu verið sýndar myndir af ákærða og Sigurði og hún bent á myndina af ákærða sem ökumanninn. Myndirnar voru í myndavélinni, sem er digital myndavél, þegar henni voru sýndar myndirnar.

Olivera Ilic lögreglukona kom fyrir dóminn og kvaðst hafa farið í umrætt útkall eftir tilkynningu um atvikið á Brjánsstöðum. Þau hefðu mætt bifreiðinni rétt við Brjánsstaði og rætt við ökumanninn sem hafi verið ódrukkinn. Hefðu þau rætt við hann um hugsanlegar bótakröfur sem gætu borist vegna skemmda á Brjánsstöðum og Flúðum. Hefði ökumaðurinn þá sagt ákærða hafa verið ökumann í umrædd skipti. Málið hefði fengið hefðbundna afgreiðslu í framhaldinu.

Stefanía Sigurðardóttir, kt. 000000-0000, Vorsabæ II, kom fyrir dóminn. Kvaðst hún hafa verið stödd í hlöðunni þegar hún heyrði ekið um hlaðið og grjót hafi spýst í veggina. Hún hefði farið út og séð bifreiðina aka í loftköstum út á tún og stoppað þar nokkra stund. Hún hafi beðið eftir því að bifreiðin kæmi til baka, sem og hún gerði, þar sem hún hefði ætlað að hafa tal af ökumanni. Hefði aksturinn verið þannig að hún hefði farið á bak við vinnuvél á túninu þar sem henni sýndist að ökumaðurinn ætlaði ekki að stansa. Bifreiðinni hefði síðan verið ekið mjög glæfralega út á þjóðveg og ekið í átt að Flúðum. Hefði hún náð niður bílnúmerinu og hringt í lögregluna í framhaldi. Lögreglan hefði síðan komið til að kanna vegsummerki og þá sýnt sér mynd af tveimur mönnum og taldi hún að annar þeirra hafi alla vega getað verið ökumaðurinn. Kvaðst hún ekki geta þekkt ökumanninn í dag þar sem langt væri um liðið. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð að skipt hefði

verið um ökumann eftir að hún sá bifreiðina.

Ragnar Kristinn Kristjánsson, kt. 000000-0000, Ljónastíg 10, Flúðum, gaf símaskýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann muna óljóst eftir atburðinum. Kvað hann tvo menn hafa staðið við verslunina á Flúðum og séð tvo drengi standa við bensíndæluna og allt í einu hefðu þeir séð bifreiðina fara af stað á mikilli ferð í gegnum trjárinna og aftur upp á plan og þá ekið á ruslagámana. Kvaðst hann hafa náð skráningarnúmeri bifreiðarinnar og tilkynnt atburðinn til lögreglunnar. Kvaðst hann ekki geta sagt til um hvort ökumannsskipti hefðu orðið þarna eða ekki. Eftir að framburður hans um atvikið var borinn undir hann eins og honum er lýst í frumskýrslu lögreglunnar um ökumannsskipti kvað hann það líklega vera rétt eftir sér haft en langt væri um liðið og myndi hann þetta ekki svo gjörla. Um fjörtíu til fimmtíu metrar hefðu verið á milli bensíndællunnar og þar sem hann stóð og kvaðst hann ekki hafa þekkt neinn mannanna en sig minnti að þeir hefðu verið þrír.

Kristín Magnúsdóttir, læknir á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræðum, gaf símaskýrslu fyrir dóminum. Staðfesti hún niðurstöður rannsóknar á blóði og þvagi ákærða og útskýrði hlutfall milli etanólstyrks í þvagi og blóði og niðurbrots alkóhóls í blóði.

Niðurstöður:

Ákærði neitaði sök strax er lögreglan hafði afskipti af honum. Ákærði neitaði einnig sök við skýrslugjöf hjá lögreglu rúmu ári eftir atburðinn. Sigurður Guðjónsson kvað Grím hafa ekið allan tímann, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi. Þá kom Grímur Freyr Kristinsson fyrir dóminn og dró framburð sinn til baka sem hann gaf fyrir lögreglu og kvaðst hafa ekið sjálfur í umrætt sinn. Gaf hann trúverðuga skýringu á breyttum framburði sínum og var framburður hans trúverðugur fyrir dómi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem sannar að ákærði hafi ekið í umrætt sinn. Vitnið Stefanía Sigurðardóttir kvaðst ekki geta þekkt ökumanninn sem ók á túninu aftur þar sem langt væri um liðið. Þá kvað hún, af tveimur myndum að dæma sem lögreglan sýndi henni, að ákærði væri líklega ökumaðurinn. Ákærði verður ekki sakfelldur á þeim vitnisburði. Að öllu ofansögðu virtu er ekki fram komin sönnun um að ákærði hafi ekið í umrætt sinn eins og í ákæru greinir og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Með vísan til 166. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að leggja sakarkostnað á ríkissjóð sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, og þykja hæfilega ákveðin 155.625 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður sótti mál þetta fyrir hönd ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, er sýkn af kröfu ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður, sem eru málsvarnarlaun Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 155.625 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir.